

Nd. **242. Nefndarálit** [167. mál]
um frv. til l. um breyt. á l. nr. 81 23. júlí 1974, um Verðlagsráð sjávarútvegsins.

Frá 1. minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Undirrituð leggur til að frv. verði breytt þannig að í lögnum komi það eitt fram að nýtt fiskverð gildi frá 21. nóvember 1984 en Verðlagsráð ákveði sjálft verðlagstímabilið eins og gert er ráð fyrir að það geri í lögnum um Verðlagsráð sjávarútvegsins, í 2. másl. 2. málsgr. 8. gr. Er breytingartillaga þessa efnis flutt á sérstöku þskj. og er hún í samræmi við þau sjónarmið sem fram hafa komið frá fulltrúum sjómanna við meðferð málsins í nefndinni.

Alþingi, 7. des. 1984.
Margrét Frímannsdóttir.